Umsögn um drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um skotelda. Mál nr. 218/2020 á Samráðsgátt.

Í drögum dómsmálaráðherra kemur fram að stytta skuli sölutímabil flugelda, takmarka þá daga sem nota má flugelda og breytingu á leyfisveitingu vegna skoteldasýninga.

Stjórn Flugbjörgunarsveitarinnar Reykjavík (FBSR) vill koma á framfæri athugasemd varðandi styttingu sölutímabilsins. FBSR hefur verið með sölu á flugeldum 28.-31. desember og 6. janúar undanfarin ár. Sölustaðir hafa ekki verið opnir 1.-5. janúar að öllu jöfnu.

Um það bil 15% sölutekna frá flugeldum koma dagana 28. og 29. desember, þetta er því e.t.v. ekki stór hluti teknanna og búast má við að hluti þessarar sölu færist yfir á 30. og 31. desember og því óvíst hvort þetta leiðir til þess að sala minnki mikið.

Það eru nokkrar athugasemdir sem FBSR vill benda á varðandi styttingu sölutímanns. Í fyrsta lagi eru þessir dagar mikilvægir til að slípa af vankanta á sölustöðum, s.s. uppstillingu á vörum og flæði viðskiptavina.

Í öðru lagi byggir starf FBSR, og þ.m.t. fjáraflanir, á sjálfboðaliðum. Þessa fyrstu daga eru nýliðar oft að selja flugelda í fyrsta sinn og það er mun auðveldara að kynnast sölustaðnum og vöruúrvalinu í rólegheitum.

Í þriðja lagi er það afar óheppilegt að verið sé að þjappa sölutímanum saman þegar farsótt herjar á landið og mikilvægara en ella að gefa rýmri tíma til sölu.

Stjórn FBSR vill því leggja til að sölutímabilið verði 28.-31. desember. Jafnframt verði heimilt að selja skotelda þann dag sem sveitarstjórn velur í stað tímabils í i-lið. Einnig verði heimilt að selja skotelda 6. janúar eða þann dag sem sveitarstjórn velur til að halda viðburð í fyrstu viku janúar í stað þrettándans.

Fyrir hönd stjórnar FBSR

Ingvi Stígsson
Gjaldkeri FBSR